



Aðildarfélag KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 22. janúar 2025

## Deildarbikarkeppni karla og kvenna, Landsliðs- og heiðursviðurkenningar og Starfsreglur stjórnar

Ágætu félagar.

Á fundum stjórnar KSÍ 27. nóvember sl. og 15. janúar sl. voru samþykktar nokkrar breytingar á reglugerðum og svo starfsreglum stjórnar KSÍ. Um er að ræða:

- **Leikmannaskipti í Deildarbikarkeppni karla og kvenna**
- **Breytingar á reglugerð um KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar.**
  - Um ræðir breytingar sem unnar voru af starfshópi sem skipaður var af stjórn KSÍ.
- **Starfsreglur stjórnar KSÍ.**

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.  
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

### REGLUGERÐ KSÍ um deildarbikarkeppni karla

#### 5. LEIKREGLUR

- 5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á.
- 5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. **Heimilt er að setja 7 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki fjórar leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhlé til skiptinga.** ~~Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

### REGLUGERÐ KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

#### 5. LEIKREGLUR

- 5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á.
- 5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. **Heimilt er að setja 7 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki fjórar leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhlé til skiptinga.** ~~Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

### REGLUGERÐ KSÍ um landsliðs – og heiðursviðurkenningar

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands skal hafa það að leiðarljósi að færa þeim viðurkenningu og þakkir, sem unnið hafa farsælt starf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar. Stjórnin veitir viðurkenningar til þeirra sem leikið hafa með landsliðum Íslands, starfað hafa á vettvangi knattspyrnunnar og unnið hafa að framgangi knattspyrnuþróttarinnar skv. eftirfarandi:

### 1. gr.

#### Viðurkenningar til landsliðsleikmanna leikmanna landsliða

**Landsliðsmerkið:** Landsliðsmerkið á gylltum grunni með bláum bókstöfum skal sæma þá leikmenn sem leika í fyrsta landsleik Íslands í milliríkjaleikjum - 18 ára og eldri.

#### Viðurkenning KSÍ fyrir 50 landsleiki:

Álætrað úr skal veitt a í viðurkenningaskyni þeim leikmönnum sem náð hafa að leika 50 A-landsleiki,

#### Heiðursviðurkenning fyrir 100 landsleiki:

Sérhannað listaverk Knattspyrnustyttu og sérmerкта landsliðstreyju skal veita í viðurkenningaskyni þeim leikmönnum sem náð hafa að leika 100 A-landsleiki.

#### Heiðursviðurkenning fyrir 150 landsleiki:

Sérhannað listaverk og sérmerкта landsliðstreyju skal veita í viðurkenningaskyni þeim leikmönnum sem náð hafa að leika 150 A-landsleiki.

**Ákvæði til bráðabirgða:** Leikmenn sem þegar hafa náð 50 leikjum falla undir fyrri reglugerð varðandi viðurkenningar fyrir leikjafjölda. Sama á við um þá hefð að bjóða leikmönnum sem nú þegar hafa leikið meira en 50 landsleiki boð í heiðursstúku á landsleiki karla og kvenna.

### 2. gr.

#### Viðurkenningar fyrir störf innan knattspyrnuhreyfingarinnar

Eftirtalдар heiðursviðurkenningar veitir stjórn KSÍ, að eigin frumkvæði eða eftir tilnefningu einstakra félaga. Tillögu til stjórnar KSÍ skal fylgja ágríp af störfum tilnefndra í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar.

#### Heiðursmerki úr silfri:

Heiðursmerki þetta veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu knattspyrnuþróttarinnar í áratug eða lengur.

#### Heiðursmerki úr gulli:

Heiðursmerki þetta veitist aðeins þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

#### Heiðurskross úr gulli í borða með íslensku fánalitunum:

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KSÍ, veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni ómetanlegt gagn. Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðurskjal. Þau sem hljóta heiðursviðurkenningar Knattspyrnusambands Íslands, skulu ein hafa rétt til þess að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

### 3. gr.

#### Aðrar viðurkenningar og viðburðir

Við starfslok starfsmanna KSÍ, sjálfboðaliða, dómara og starfsfólks landsliða og annarra, sem hafa unnið fyrir sambandið um langa hríð og þeirra sem setið hafa í nefndum og/eða stjórn sambandsins í a.m.k. 10 ár skal stjórn KSÍ veita áritaðan viðurkenningarskjöld þar sem þakkað er framlag þeirra.

Í því skyni að efla tengsl fyrrum landsliðsfólks skal stjórn KSÍ á a.m.k. á tveggja ára fresti bjóða öllum þeim sem leikið hafa A-landsleik fyrir Ísland að mæta á landsleik karla eða kvenna.

Þau sem leikið hafa 100 landsleiki skulu fá boð um tvo miða með veitingum á alla landsleiki karla og kvenna.

#### 4. gr.

### Viðurkenningar til aðila utan knattspyrnuhreyfingarinnar

#### Heiðursviðurkenning:

Stjórn KSÍ getur veitt aðilum utan knattspyrnuhreyfingarinnar og erlendum knattspyrnuleiðtogum sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir mikilvæg störf sem stuðla að vexti og viðgangi knattspyrnunnar á Íslandi.

#### 5. gr.

#### Starfshópur stjórnar um heiðursviðurkenningar

Allar viðurkenningar samkvæmt reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn KSÍ.

Stjórn KSÍ skipar til tveggja ára í senn 5 fulltrúa í starfshóp, sem fjalli um allar tillögur að heiðursviðurkenningum samkvæmt 2. og 3. grein reglugerðar þessarar. Einn fulltrúi starfshópsins skal vera í stjórn KSÍ, en framkvæmdastjóri KSÍ, eða aðili sem hann tilnefnir skal vinna með starfshópnum. Hlutverk starfshópsins er að fjalla um tillögur að heiðursviðurkenningum eða gera sjálfstæðar tillögur um viðurkenningar. Allar tillögur starfshópsins skal leggja fyrir stjórn KSÍ sem tekur endanlega ákvörðun um þær tillögur sem fyrir liggja.

Starfshópurinn skal sjá um að aðgengileg skrá sé fyrir hendi um alla sem veita heiðursviðurkenningu móttöku og skrá yfir fjölda landsleikja einstaklinga.

Starfshópurinn skal setja sér starfsreglur um hvernig ganga skal frá tillögum að viðurkenningum til starfshópsins og upplýsingum um þá sem tilnefndir eru.

#### 6. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stöð í 22. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar. **Reglugerð þessi skal endurskoðuð eigi síðar en 31.12.2026. Stjórn KSÍ heldur aðgengilega skrá um alla sem veita heiðursviðurkenningu móttöku og skrá yfir fjölda landsleikja einstaklinga.**

### Starfsreglur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

#### 1. grein

#### Skipan stjórnar

- 1.1 Stjórn Knattspyrnusambands Íslands er skipuð formanni, átta fulltrúum kjörnum á ársþingi og formanni ÍTF sem kjörinn hefur verið af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF. Íslensk Toppfótbolta. Þrír varafulltrúar kjörnir á ársþingi taka sæti aðalstjórnarmanna í forföllum þeirra í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður ÍTF er forfallaður. Að auki eru fjórir landshlutafulltrúar sem boðaðir eru á stjórnarfundi eftir því sem ákveðið er hverju sinni en eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.
- 1.2 Formaður stjórnar KSÍ er kosinn sérstaklega á ársþingi. Kjaranefnd, samkvæmt lögum sambandsins gerir tillögu til stjórnar um launakjör og starfshlutfall formanns eftir það ársþing sem formaður var kjörinn.
- 1.3 Stjórn KSÍ kys fyrsta og annan varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum.
- 1.4 Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 6 sinnum á ári. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
- 1.5 Framkvæmdastjóri KSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar og/eða óvenjulegar skuldbindingar af hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

#### 2. grein

#### Verksvið stjórnar

- 2.1 Starfssvið stjórnar KSÍ er eftirfarandi:
  - a. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
  - b. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ og fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun,

- c. að ráða framkvæmdastjóra til starfa skv. starfslýsingu sem og sviðsstjóra knattspyrnusviðs.
  - d. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
  - e. að hafa samráð við og sitja reglubundna fundi með fulltrúum aðildarfélaga KSÍ og annarra hagsmunaaðila, að funda reglulega með félögum og hagsmunasamtökum félaga,
  - f. að setja stjórn, nefndum og starfsfólki starfsreglur, sem byggi á góðum stjórnarháttum og gildum laga KSÍ,
  - g. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi
  - h. að annast útgáfu á knattspyrnulögunum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, er jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur,
  - i. að hafa yfirstjórn með Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, bikarkeppnum og öðrum landsmótum, með landsmótum,
  - j. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
  - k. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða í alþjóðamótum,
  - l. að tefla fram landsliðum og félagsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
  - m. að ráða landsliðsþjálfara A-landsliða til starfa,
  - n. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
  - o. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði,
  - p. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
  - r. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
  - s. að fara að öðru leyti með stjórn KSÍ á milli ársþinga.
- 2.2 Stjórn KSÍ lítur eftir því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög eða reglugerðir KSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum KSÍ.
  - 2.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma. Stjórn KSÍ hefur samþykkt siðareglur, sem fulltrúar í stjórn skulu hafa í heiðri og fylgja því eftir að aðrir þeir sem falla undir reglurnar geri það einnig.
  - 2.4 Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga sambandsins. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.
  - 2.5 Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ eða samþykkt ársþings. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi.
  - 2.6 Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KSÍ.
  - 2.7. Stjórn KSÍ skal hafa að leiðarljósi að tryggja flæði nauðsynlegra upplýsinga til félaga innan knattspyrnusambandsins og starfa í anda þeirra ellefu samfélagslegu gilda UEFA, sem KSÍ hefur gert að einkunnarorðum sínum.

### 3. grein

#### Framkvæmdastjóri KSÍ

- 3.1 Stjórn KSÍ ræður framkvæmdastjóra, ákveður verksvið hans og starfskjör. Stjórnin getur falið formanni KSÍ að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun hans og önnur starfskjör.
- 3.2 Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins í umboði stjórnar og skal haga störfum sínum í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða starfsemi knattspyrnusambandsins Hann skal annast rekstur sambandsins, undirbúning verkefna og áætlanagerð.
- 3.3 Stjórn KSÍ skal setja framkvæmdastjóra frekari starfsreglur. Stjórn staðfestir skipurit og megin starfslýsingar starfsfólks.
- 3.4 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn á skrifstofu knattspyrnusambandsins, segir þeim upp og ákveður launakjör þeirra. Við ráðningu lykilstjórnenda þ.e. s.s. fjármálastjóra sviðsstjóra knattspyrnusviðs og þjálfara A landsliðs karla og kvenna hefur framkvæmdastjóri samráð við stjórn sambandsins. Hann annast gerð ráðningarsamninga við þá þjálfara og aðra starfsmenn sem stjórn KSÍ samþykkir að ráða hverju sinni.

## 5. grein Boðun stjórnarfunda

- 5.1 Fundir stjórnar KSÍ skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega eða svo oft sem þurfa þykir. Formaður eða framkvæmdastjóri boðar til funda og undirbúa þeir dagskrá fundanna.
- 5.2 Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti fundur skuli haldinn.
- 5.3 Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 6 sinnum á ári. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 aðalstjórnarmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans.
- 5.4 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar KSÍ og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- 5.5 Til fundar stjórnar skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Formaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.6 Fundarboð skal sent út með tveggja daga fyrirvara og skal það að jafnaði vera rafrænt. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá og henni skulu fylgja þau gögn sem málunum fylgja. Til þess að stjórn geti kynnt sér fyrirbyggjandi gögn og til þess að afgreiðsla mála gangi vel fyrir sig skal almennt miðað við að fundargögn verði komin á fundargátt tveimur dögum fyrir fund.
- 5.7 Formaður getur tekið ákvörðun um símafund stjórnar í gegnum fjarfundarbúnað og að málefnið verði kynnt stjórnarmönnum skriflega eða símaleiðis. Atkvæðagreiðsla meðal stjórnarmanna getur farið fram rafrænt eða verið í gegnum fjarfundarbúnað um síma. Slíkur fundur lýtur sömu kröfum um lögmati og almennur stjórnarfundur. Ganga skal frá fundargerð símafjarfundar á næsta reglulega stjórnarfundi.
- 5.8 Óski stjórnarmaður þess að tiltekið mál verði á dagskrá skal það gert fjórum dögum fyrir stjórnarfund.
- 5.9 Stjórn KSÍ getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi.
- 5.10 Varamenn í stjórn taka sæti í forföllum kjörinna stjórnafulltrúa í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

## 8. grein Nefndir

- 8.1 Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir, skv. því sem kveðið er á um í lögum KSÍ:
  - a. Dómaranefnd.
  - b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd.
  - c. Fræðslunefnd og útbreiðslunefnd.
  - d. Grasrótarnefnd
  - e. Heilbrigðisnefnd
  - f. Laga- og leikreglnanefnd.
  - e. Landsliðsnefndir.
  - g. Mannvirkjanefnd.
  - h. Markaðsnefnd
  - i. Mótanefnd.
  - h. Samninga- og félagaskiptanefnd.
  - j. Knattspyrnu- og þróunarnefnd
- 8.2 Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur.
- 8.3 Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag. Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður eða kjörinn varamaður í stjórn KSÍ, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður eða starfsmaður fastanefndar boðar til funda og stýrir þeim.
- 8.4 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna. Hver fastanefnd skal halda a.m.k. þrjá fundi á ári. Fundargerðir nefnda skulu lagðar fyrir næsta fund stjórnar sambandsins.
- 8.5 Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

## 9. grein Fulltrúar landsfjórðunga

- 9.1 Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og

- skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur. Miðað er við að landshlutafulltrúar boði aðildarfélögin í sínum landshluta a.m.k. 1x á ári til fundar.
- 9.2 Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi og tillögurétt.

## 12. grein Skýrslur

- 12.1 Framkvæmdastjóri skal á hverjum fundi gera stjórn grein fyrir starfsemi sambandsins frá síðasta stjórnarfund í stórum dráttum. Framkvæmdastjóri/fjármálastjóri skal á þriggja mánaða fresti gera grein fyrir fjárhag sambandsins

## 15. grein Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 15.1 Einungis stjórn KSÍ getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.
- 15.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn KSÍ við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita ~~afrit~~ ~~frumrit~~ starfsreglnanna. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita ~~afrit~~ ~~frumrit~~ af reglunum svo breyttum.
- 15.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum KSÍ skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum sambandsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

---

## Greinargerð

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á reglugerðum KSÍ um deildarbikarkeppnir karla og kvenna. Samkvæmt breyttum ákvæðum er félögum í deildarbikarkeppni áfram heimilt að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Nú kveða reglur hins vegar á um að heimilt sé að setja alla 7 varamenn inn á í hverjum leik en nota til þess að hámarki fjórar leikstöðvanir til skiptinga. Einnig má nýta leikhlé til skiptinga.

Í öðru lagi er um að ræða breytingar á reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar. Breytingar voru unnar af sérstökum starfshópi sem skipaður var af stjórn KSÍ. Í starfshópnum sátu Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Sif Atladóttir, Gísli Gíslason, Klara Bjartmarz, Ragnheiður Elíasdóttir og Eysteinn Pétur Lárusson. Í greinargerð starfshóps sem fylgdi tillögum hópsins að breyttri reglugerð segir eftirfarandi:

„Þær breytingar sem lagðar eru til á reglugerð KSÍ um landsliðs – og heiðursviðurkenningar taka mið af því að fjöldi landsleikja hefur aukist og því eðlilegt að endurskoða viðmið varðandi heiðursviðurkenningar landsliðsfólks, þær viðurkenningar sem veittar eru og orðlag nokkurra greina.

Þá er gerð tillaga um eftirfarandi önnur atriði:

- Orðalag í inngangi reglugerða er breytt lítilsháttar.
- Bætt er í 2. grein ákvæði um að tilnefningum og tillögum að heiðursviðurkenningum skuli fylgja ágríp af störfum tilnefndra í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar.
- Til einföldunar er lagt til að sameina nýliðamerki og landsliðsmerki, en veita slíkt merki þeim sem leika með landsliði 18 ára og eldri.
- Lagt er til að hækka viðmið leikjafjölda varðandi viðurkenningar.
- Bætt er inn ákvæði um viðurkenningar til þeirra sem hafa um lengri tíma lagt knattspyrnuhreyfingunni lið í ýmsum störfum – launuðum eða ólaunuðum.
- Gerð er tillaga um að allt landsliðsfólk fái boð á landsleik með reglulegu millibili í því skyni að treysta tengsl þeirra við KSÍ og knattspyrnuhreyfinguna, en ekki síður til þess að hitta gamla samherja.
- Lagt er til að leikmenn sem leikið hafa yfir 100 landsleiki fái boð í heiðursstúku, en sú hefð sem skapast hefur látin gilda áfram um þá sem nú þegar hafa náð 50 landsleikjum.
- Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem fari yfir tillögur að viðurkenningum samkvæmt 2. og 3. grein reglugerðarinnar eða geri að eigin frumkvæði tillögu um viðurkenningu. Afgreiðsla starfshópsins fari til stjórnar KSÍ sem taki endanlega ákvörðun um veitingu viðurkenninga. Starfshópurinn verði skipaður til tveggja ára í senn og að í honum sitji einn fulltrúi stjórnar. Starfshópurinn setji starfsreglur um á hvaða formi skila skal tillögum, upplýsingum um viðkomandi og fleira.

- i) Loks er fært í reglugerðina til áhersluauka að mikilvægt sé að halda skilmerkilega og góða skrá yfir leiki landsliðsfólks og þau sem hafa hlotið heiðursviðurkenningu KSÍ.“

Í þriðja lagi er um að ræða breytingar á starfsreglum stjórnar KSÍ. Að mestu leyti er um að ræða breytingar sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á lögum KSÍ undanfarin tvö ár. Aðrar breytingar skýra sig sjálfar.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ